




	Forsjá hjá öðru foreldri 	Sameiginleg forsjá 	Skipt búseta 
Meiri háttar ákvarðanir (dæmi) Flutningur eða för barns úr landi Útgáfa vegabréfs Skráning í eða úr trú- eða lífsskoðunarfélagi Nafngjöf eða nafnbreyting	Forsjárforeldri	Báðir foreldrar sameiginlega	Báðir foreldrar sameiginlega
Afgerandi ákvarðanir (dæmi) Hvar barn eigi lögheimili innanlands Flutningur á lög- eða búsetuheimili Val á leik-, grunnskóla, eða daggæslu Afgerandi ákvarðanir um tiltekna heilbrigðisþjónustu Val á tómstundastarfi	Forsjárforeldri	Lögheimilisforeldri, en foreldrar skulu leitast við að hafa samráð	Báðir foreldrar sameiginlega
Samningur eða úrskurður um umgengni	Hægt að óska staðfestingar á samningi eða úrskurði um umgengni		Ekki hægt að óska staðfestingar á samningi eða úrskurði um fyrirkomulag búsetu barns á báðum heimilum
Jöfn umgengni	Hægt að gera samning eða óska eftir úrskurði sýslumanns um jafna umgengni		Ekki gerð krafa um jafna dvöl á báðum heimilum - samkomulag foreldra án aðkomu sýslumanns
Úrskurður sýslumanns um utanlandsferð barns	Hægt að óska eftir úrskurði um að umgengni fari fram erlendis	Hægt að óska eftir úrskurði um umgengni erlendis eða um rétt til að fara í ferðalag með barn úr landi	Ekki hægt að óska eftir úrskurði
Meðlag og framfærsla	Heimilt að semja um skiptingu framfærslu eða meðlag greitt til lögheimilisforeldris Hægt að gera staðfestan samning eða fá úrskurð um meðlag og óska milligöngu Tryggingastofnunar		Foreldrar semja um skiptingu kostnaðar við framfærslu. Ekki hægt að óska staðfestingar á samningi, úrskurðar um meðlag eða milligöngu Tryggingastofnunar
Sérstök útgjöld	Hægt að óska staðfestingar á samningi, óska eftir úrskurði og milligöngu Tryggingastofnunar		Ekki hægt að óska staðfestingar á samningi, óska eftir úrskurði né milligöngu Tryggingastofnunar
Opinber skráning á búsetu barns	Hjá lögheimilisforeldri		Hjá báðum foreldrum Lögheimili hjá öðru og búsetuheimili hjá hinu
Réttur til opinbers stuðnings	Að jafnaði hjá lögheimilisforeldri		Hjá báðum foreldrum